

Starfsreglur áhættunefndar stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf.

1. gr.

SKIPUN ÁHÆTTUNEFNDAR

Áhættunefnd stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf. (áhættunefnd) er undirnefnd stjórnar félagsins og er skipuð af henni. Hlutverk hennar er að aðstoða stjórn við að sinna verkefnum sem henni er falin samkvæmt lögum og reglum. Nefndin tekur ekki sjálfstæðar ákvarðanir fyrir hönd stjórnar.

Lykilþáttur í nýrri löggjöf um vátryggingastarfsemi, lögum nr. 100/2016 er áhættustýring og innri stjórnun og eftirlit. Áhættunefnd VÍS er ætlað að sinna hefðbundnum verkefnum áhættunefnda á fjármálamarkaði sem veita félögum stuðning og aðhald þegar kemur að áhættustýringu, innra eftirliti og regluvörslu.

Nánar er kveðið á um hlutverk og verkefni nefndarinnar í 4. gr. þessara reglna.

2. gr.

NEFNDARMENN

Stjórn ber ábyrgð á skipun áhættunefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar. Hún skal skipuð að minnsta kosti þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.

Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Auk þess skal einn nefndarmanna, sem bæði er óháður daglegum stjórnendum og félaginu, vera óháður stórum hluthöfum félagsins.

Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar.

Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni félagsins og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn.

3. gr.

HEIMILDIR OG AÐGENGI AÐ GÖGNUM

Áhættunefnd skal hafa víðtæka heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan félagsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt starfsreglum þessum. Nefndin hefur óheftan aðgang að gögnum frá stjórnendum, áhættustýringu og regluvörslu og getur óskað eftir upplýsingum og greinargerðum er varða starfsemi hennar.

Áhættunefnd hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér ráðgjafar eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt sínar skyldur. Stjórnendur og lykilstarfssvið skulu leitast við að tryggja að viðeigandi og sem fyllstu upplýsingum um öll mál sem undir nefndina heyra sé komið til hennar án tafar.

4. gr.

HLUTVERK OG ÁBYRGÐARSVIÐ ÁHÆTTUNEFNDAR

Hlutverk áhættunefndar skal vera eftirfarandi:

Áhættustefna og áhættuvilji

- Áhættunefnd skal vera ráðgefandi fyrir stjórn við mótun áhættustefna og áhættuvilja í tengslum við alla mikilvæga áhættuþætti í starfsemi VÍS á hverjum tíma.
- Nefndin skal jafnframt fjórum sinnum á ári leggja mat á hvort félagið starfi innan áhættustefnu og áhættuvilja stjórnar.
- Forstöðumaður áhættustýringar skal skila til áhættunefndar ársfjórðungslegri stöðuskýrslu um áhættustýringu félagsins m.a. þau mikilvæg málefni sem tekin hafa verið fyrir af áhættunefndum félagsins.
- Nefndin skal yfirfara skýrslur, leggja mat á sviðsmyndir og yfirfara niðurstöður álagsprófana um eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA).
- Nefndin skilar ráðgjöf sinni til stjórnar að minnsta kosti árlega og eftir því sem tilefni er til.

Samhæfð áhættustýring, reglufylgni og innra eftirlit

- Áhættunefnd skal vera ráðgefandi fyrir stjórn vegna fyrirkomulags og framkvæmdar innleiðingar á stefnu félagsins um samhæfða áhættustýringu, stefnu um reglufylgni og stefnu um innri stjórnun og eftirlit.
- Áhættunefnd skal einu sinni á ári taka þátt í að auðkenna megin áhættuþætti félagsins sem hafðir eru að leiðarljósi við framkvæmd samhæfðrar áhættustýringar, reglufylgni og innra eftirlits.
- Nefndin skal jafnframt árlega leggja mat á fyrirkomulag og virkni áhættustýringar, innra eftirlits og regluvörslu m.a. út frá skýrslum frá innri endurskoðanda, þar með talið hvort lykilstarfsviðin hafi nægileg úrræði til að geta sinnt hlutverkum sínum.
- Nefndin skilar ráðgjöf sinni til stjórnar að minnsta kosti árlega og eftir því sem tilefni er til.

Önnur verkefni

- Nefndin skal hafa samráð við endurskoðunarnefnd eftir því sem við á, svo gætt sé að því að verkefni nefndanna skarist ekki.
- Nefndin skal hafa samráð við starfskjaranefnd hvort hvatar sem felast í starfskjarastefnu VÍS og eftir atvikum kaupaukakerfi taki tillit til áhættustefna og áhættuvilja VÍS.
- Ritari nefndarinnar skal afhenda áhættunefnd yfirlit yfir samskipti ytri eftirlitsaðila og VÍS sem varða hlutverk nefndarinnar.

5. gr. FUNDIR

Formaður skal boða til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Í upphafi hvers starfsárs gerir áhættunefnd áætlun um verkefni ársins, nefndarfundi, fundi með stjórn og fundi með starfsmönnum félagsins. Jafnframt gerir nefndin áætlun um fundarefni.

Það er ákvörðun nefndarinnar hvort stjórnendur félagsins eða ábyrgðarmenn lykilstarfssviða eru viðstaddir fundi nefndarinnar.

Hver nefndarmaður, forstjóri, forstöðumaður Áhættustýringar, regluvörður og innri endurskoðandi geta óskað eftir fundi ef þeir telja það nauðsynlegt.

Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af nefndarmönnum. Nefndin skal halda fundargerðabók og senda fundargerðir til stjórnar, forstjóra og innri endurskoðanda félagsins.

6. gr.

SAMSKIPTI VIÐ STJÓRN

Áhættunefnd skal að minnsta kosti árlega skila skýrslu um störf sín til stjórnar félagsins. Í skýrslu til stjórnar skulu koma fram upplýsingar um samskipti nefndarinnar við stjórn, lykilstarfssvið og stjórnendur félagsins. Þá skal gerð grein fyrir störfum nefndarinnar á starfsárinu.

7. gr.

TAKMARKANIR Á HLUTVERKI OG ÁBYRGÐ

Áhættunefnd hefur þær skyldur sem koma fram í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á eftirliti stjórnar með áhættustýringu og innri stjórnun og eftirliti félagsins. Stjórn ber ábyrgð á innleiðingu stefnu um samhæfða áhættustýringu og stefnu um stjórnun og innra eftirlit sbr. 4. mgr. 39. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016.

8. gr.

ANNÆÐ

Áhættunefnd skal meta skilvirkni sína ásamt því að fara yfir og endurskoða starfsreglur þessar eftir því sem þörf krefur, þó að lágmarki árlega. Nefndin leggur til við stjórn viðeigandi breytingar eða aukningu á verkefnum og hlutverki nefndarinnar. Komi upp álitamál um hugsanlega skörun á verkefnum nefndarinnar við störf endurskoðunarnefndar skulu formenn nefndanna upplýsa hvor annan um málefnið og ákveða hvor nefndin sinnir viðkomandi verkefnum.

Stjórnendur geta óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni er varða félagið.

Reykjavík, 26. apríl 2018


Helga Hlín Hákonardóttir


Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir


Valdimar Svavarsson

